

Alþingi, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 1. desember 2006 2006110395

Efni: Umsögn um 302. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

Með bréfi dagsettu 24. nóvember 2006 óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra um 302. þingmál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem miða að því að auka skil félaga á ársreikningum til ársreikningaskrár með því að heimila ársreikningaskrá að beita þau fésektum verði þau ekki við þeirri lagaskyldu að leggja fram ársreikninga til ársreikningaskrár. Þrátt fyrir skýra lagaskyldu um skil á ársreikningum er ávallt nokkur fjöldi félaga sem hvorki semur né skilar ársreikningum til ársreikningaskrár, og í flestum tilfellum má rekja það til bókhaldsóreiðu hjá félögunum. Opinber birting ársreikninga er einn þáttur í skyldu félaga sem eru rekin með takmarkaða ábyrgð eigenda á skuldbindingum félags, til að veita upplýsingar um starfsemi sína. Þau úrræði sem eru nú í lögnum að vísa slíkum málum til skattrannsóknarstjóra að undangengnum áskorunum ársreikningaskrár til stjórna félaganna er seinfarin og fjöldinn slíkur að málin hlaðast einungis upp hjá því embætti og embætti ríkislögreglustjóra. Mál þessi eru í sjálfu sér einföld. Fyrir liggur að skil á ársreikningi hafa ekki farið fram þrátt fyrir áskorun þess efnis. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til að greint verði á milli stærðar félaga gerir það kleift að vísa alvarlegum málum stærri félaga til skattrannsóknarstjóra en afgreiða önnur félög með fésektum verði þau ekki við áskorun um skil á ársreikningi. Það er álit ríkisskattstjóra að með þessu úrræði aukin skil félaga og hafi jafnframt áhrif á betri skil til skattfirvalda.

Ríkisskattstjóri mælir því með samþykki frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllt

Ingvar J Rögnvaldsson
ríkisskattstjóri